



2010

Þjóðarspegilinn

Lífsánægja íslenskra skólabarna fyrir og eftir kreppu

Ársæll Már Arnarson
Anna Lilja Sigurvinsdóttir
Kristín Linda Jónsdóttir

Félags- og mannvísindadeild
Ritstjórar: Helga Ólafs og Hulda Proppé

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritstýrð grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-424-02-0



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lífsánægja íslenskra skólabarna fyrir og eftir kreppu

Ársæll Már Arnarsson
Anna Lilja Sigurvinsdóttir
Kristín Linda Jónsdóttir

Haustið 2008 gekk í garð á Íslandi skeið fjölþættra breytinga og umbrota á flestum sviðum efnahagslífsins þegar þjóðin stóð andspænis einhverju mesta efnahagshruni sem vestrænt ríki hefur þurft að takast á við á friðartímum (Danielsson, 2009). Bankakerfið hrundi og fjármálakreppa skall á og teygði anga sína um allt samfélagið. Í kjölfarið fylgdu margs konar áföll, óöryggi, eftirsjá og breytingar sem telja má víst að snert hafi alla Íslendinga á einhvern hátt. Staðan í samfélaginu var metin svo alvarleg að ríkisstjórn Íslands samþykkti í febrúar árið 2009 að setja á stofn sérstaka velferðarvakt með það að markmiði að fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum efnahagshrunsins á fólk og fjölskyldur (Þingskjal 714, 2009-2010). Síðan hefur staðið yfir umbrotatímabil í samfélaginu sem ekki sér fyrir endann á og segja má að dag hvern berist inn á heimilin neikvæðar fréttir sem snúa á einn eða annan hátt að stöðu fólksins í landinu. Fjöldi atvinnulausra hefur aukist mikið frá október 2008, en þá var 1,9% atvinnuleysi á landinu. Í júlí mældist atvinnuleysi hérlendis 7,5% en það hefur minnkað frá því í janúar á þessu ári þegar það náði hámarki og var 9,3% (Vinnumálastofnun, 2010). Atvinnumöguleikar hafa því skerst verulega og hátt í 28 þúsund ársverk höfðu tapast í lok árs 2009. Á sama tíma hefur hlutfall einkaneyslu af landsframleiðslu orðið lægra en nokkru sinni enda hafa ráðstöfunartekjur lækkað verulega og heimilin eru skuldsett (Seðlabanki Íslands, 2010). Einnig hefur gengi krónunnar veikt, kaupmáttur dregist saman og skuldabyrði almennings þungst (Fjármálaráðuneytið, 2009). Tilgangur þessarar rannsóknar er að skoða breytingar á lífsánægju íslenskra skólabarna yfir þetta mikla umbrotatímabil. Sérstaklega er horft á hvort aldur og kyn hafi áhrif á lífsánægju barnanna.

Það ástand sem hér ríkir svipar til þess sem var í byrjun tíunda áratugs síðustu aldar í Finnlandi. Afleiðingar kreppunnar þar voru meðal annars samdráttur í landsframleiðslu, veikt gengi, háir vexti og hrun á fasteignamarkaði. Efnahagskreppan í Finnlandi leiddi einnig til verulegrar aukningar á atvinnuleysi og er landið enn í dag að glíma við það vandamál en árið 2008 mældist atvinnuleysi í Finnlandi 6,9% (Haukur Sigurðsson, e.d.).

Aukin athygli hefur beinst að áhrifum efnahagsþrenginga á fjölskyldutengsl og uppeldi barna (Leinonen, Solantaus og Punamaki, 2002; Sleskova o.fl., 2006). Foreldrar sem eiga í fjárhagserfiðleikum upplifa oft kvíða og þunglyndi. Þetta getur haft neikvæð áhrif á barnauppeldi sem og uppeldishæfni foreldra. Þirringu og gremja foreldra vegna fjárhagserfiðleika getur einkennt samkipti þeirra við barn sitt (Leinonen o.fl., 2002).

Atvinnumissir er mikill streituvaldur og honum fylgja breytingar sem snerta alla fjölskyldumeðlimi. Atvinnulausir upplifa streitu vegna fjárhagsóvissu (Sleskova, o.fl., 2006), sem og aukið álag í hjónabandi/sambandi vegna fjárskorts (Leinonen o.fl., 2002). Atvinnuleysi foreldra hefur verið tengt við ýmsa þætti, þar með talið hegðunarávanda barna (Harland, Reijneveld, Brugman, Verloove-Vanhorick og Verhulst, 2002), lélegt sjálfsálit (Sleskova o.fl., 2006), ofneyslu áfengis (Lundborg, 2002) og þunglyndi

(Katliala-Heino, Rimpela, Rantanen og Laippala, 2001; Sund, Larsson og Wichstorm, 2003). Hins vegar getur atvinnumissir styrkt fjölskylduböndin og gert fjölskylduna samrýmdari (Sleskova o.fl., 2006).

Það er eðlilegt að ætla að þessi miklu umbrot í samfélaginu og sú neikvæða umræða sem þeim fylgir setji sitt mark á líðan grunnskólabarna enda snéri eitt verkefni Velferðarvaktarinnar sérstaklega að stöðu barna og unglunga (Þingskjal 714, 2009-2010). Líklegt má teljast að kreppunni hljóti að hafa fylgt fjárhagsáhyggjur, kvíði, streita, álag og óöryggi hjá mörgum íslenskum foreldrum. Sýnt hefur verið fram á að slíkar efnahagsáhyggjur foreldra draga úr foreldrafærni og geta ýtta undir verri geðheilsu og óstöðuga hegðun sem hefur áhrif á samskipti foreldra við börn sín og í framhaldi af því neikvæð áhrif á líðan og hegðun barnanna. Hér er um svo kallað fjölskyldu-, efnahags- og streitulíkan að ræða sem hefur verið rannsakað ítrekað (Conger o.fl., 1992).

Meðal þeirra mælitækja sem nýtt hafa verið til að rannsaka líðan fólks er lífsánægjukvarði Cantrils sem var fyrst gefinn út árið 1965. Um er að ræða sjónhendingakvarða sem er settur upp sem stigi og er fólk beðið um að meta lífsánægju sína frá 0 upp í 10. Þessi kvarði hefur áunnið sér sess sem áreiðanleg og réttmæt mæling og hefur verið rannsakaður út frá ýmsum félagslegum þáttum, s.s. aldri, kyni, hæð, tekjum, hjúskaparstöðu, atvinnu og trú (Ball og Chernova, 2008; Deaton og Arora, 2009; Pouwels, Siegers og Vlasblom, 2008). Rannsóknir í nokkrum löndum hafa sýnt að útkoma barna á lífsánægjukvarða Cantrils (1965) tengdist ýmsum heilsufarstengdum þáttum í lífi skólabarna, s.s. ofneyslu áfengis í Wales (Desousa, Murphy, Roberts og Anderson, 2008), óhollu mataræði í Hollandi (van Kooten, de Ridder, Vollebergh og van Dorsselaer, 2007), vannæringu á Írlandi (Molcho, Gabhainn, Kelly, Friel og Kelleher, 2007) og hreyfingaleysi og fjölmiðlanotkun í Bandaríkjunum og Kanada (Iannotti, Kogan, Janssen og Boyce, 2009).

Efniviður og aðferðir

Notuð voru gögn frá hinni alþjóðlegu rannsókn „Health Behaviour in School-aged Children“ sem styrkt er af Alþjóða heilbrigðismálastofnunni (WHO) og fjallar um heilsu og lífskjör skólabarna. Árið 2006 var spurningalisti þeirrar könnunar lagður fyrir 11.813 íslensk börn í 6., 8. og 10. bekk. Fjórum árum síðar var spurningalistinn lagður fyrir í sömu bekkjardeildum í 161 skóla og bærust svör frá 11.561 nemendum eða 87% þýðisins.

Lífsánægja þátttakenda (Cantril, 1965) var metin með sjónhendingarkvarða (visual analog scale). Fyrirmælin voru svohljóðandi: „Hér er mynd af stiga. Efst í stiganum er talan ‘10’ sem táknar besta hugsanlega lífið sem þú gætir átt og neðst er talan ‘0’ sem táknar versta hugsanlega lífið sem að þú gætir átt. Hvar í þessum stiga er líf þitt núna? Merktu í reitinn hjá þeirri tölu sem lýsir lífi þínu best.“

Útkoma á lífsánægjukvarða Cantrils (1965) var borin saman milli hópa með ópöruðu t-prófi.

Niðurstöður

Tafla 1 sýnir samanburð á útkomu íslenskra skólabarna í 6., 8. og 10. bekk á lífsánægjukvarða Cantrils (1965). Að meðaltali mældist lífsánægja þessara aldurshópa 7,7 ($s_f=1,9$) í fyrirlagningu árið 2006 en hafði aukist um 0,3 stig í 8,0 stig árið 2010 ($s_f=1,8$). Meðal 6. og 8. bekkinga er aukningin í lífsánægju marktæk hjá báðum kynjum ($p<0,001$). Sé litið til nemenda í 10. bekk má greina nokkru meiri lífsánægju meðal stráka árið 2010 en árið 2006 en lífsánægja stelpna stendur í stað á sama tímabili og


breytingin á lífsánægju 10. bekklinga í heild á þessum árum er ekki marktæk. Rétt er að vekja athygli á að bæði árið 2006 og 2010 eru það stelpurnar í 10. bekk sem meta eigin lífsánægju lakasta í fyrirlögninni og að þær eru eini hópurinn sem bætir stöðu sína ekkert á þessu fjögurra ára bili.

Tafla 1. Samanburður á lífsánægju íslenskra skólabarna 2006-2010 – Meðaltöl (staðalfrávik)

	6. bekkur		8. bekkur		10. bekkur	
	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur
2006	8,0 (1,9)	8,2 (1,8)	7,7 (1,8)	7,6 (1,9)	7,5 (1,8)	7,4 (1,9)
2010	8,3 (1,8)	8,3 (1,8)	8,0 (1,7)	8,0 (1,7)	7,6 (1,9)	7,4 (1,9)

Augljóst er af töflu 1 að lífsánægja skólabarna fer dvínandi með aldri. Þannig meta börn í 6. bekk lífsánægju sína að meðaltali vera 8,3 en í 10. bekk er þessi tala komin niður í 7,5. Strákar og stelpur meta sig á sama róli í 6. og 8. bekk en stelpur í 10. bekk telja lífsánægju sína minni en karlkyns jafnaldrar þeirra.

Meðaltalsútreikningar eru ágætir til síns brúks en jafnframt er nauðsynlegt að skoða dreifingu barnanna eftir gildum. Mynd 1 sýnir hvernig útkoman á sjónhendingakvarða Cantrils dreifðist á einstök gildi í fyrirlagningunum 2006 og 2010.



Mynd 1. Dreifing útkomu á kvarða Cantrils 2006 og 2010

Eins og sést á mynd 1 þá er engin breyting á milli fyrirlagnanna 2006 og 2010 á hlutfalli þeirra nemenda sem meta lífsánægju sína lakasta. Árið 2006 mátu 2,0% nemenda lífsánægju sína 0-2 á kvarða Cantrils. Fjórum árum síðar eru það 1,7% sem meta lífsánægju sína svo rýra. Af þeim 226 börnum sem mátu sig svo laklega árið 2006 er ekki að sjá að kyn eða aldur ráði neinu þar um. Það voru 194 nemendur sem lentu í lægstu þrepum lífsánægjunnar árið 2010 og er helmingur þeirra í 10. bekk en sitt hvor fjórðungur í 6. og 8. bekk. Ekki er að sjá mun milli kynja.

Færri nemendur meta lífsánægju sína vera á bilinu 3-8 árið 2010 en 2008. Hins vegar hefur þeim nemendum fjölgað hlutfallslega sem meta lífsánægju sína á bilinu 9-10.

Ályktanir

Míðað við þá erfiðleika sem íslenskt samfélag hefur staðið frammi fyrir og neikvæða umræðu í þjóðfélaginu á þessu árabili ætti vellíðan íslenskra skólabarna að eiga undir högg að sækja. Niðurstöður okkar benda hins vegar ekki til þess að það sé raunin. Þvert á móti virðist lífsánægja 6. og 8. bekklinga aukast í hinni margumtöluðu kreppu, en hún stendur í stað hjá 10. bekkingum. Illmögulegt er að segja til um hvort kreppan sjálf og breytingar henni tengdar séu orsakavaldur enda er hér um að ræða fylgnirannsókn og slíkar ályktanir ekki raunhæfar. Hins vegar má leiða líkum að því að kreppan hafi ekki haft umtalsverð neikvæð áhrif á lífsánægju íslenskra skólabarna á þessu árabili

Það er ekki auðvelt að segja til um hvaða þættir það eru sem ráða mestu um lífsánægju barna á skólaaldri. Eflaust eru það heldur ekki nákvæmlega sömu þættir hjá öllum börnum, meginþættir eins og kyn og aldur geta haft gríðarleg áhrif þar á. Meðal yngri barna er líklegt að samband við foreldra og heimilisaðstæður skipti meira máli, en hjá eldri börnunum er líklegt að félagarnir og staða utan heimilis hafi meira um líðanina að segja. Hugsanlegt er að aukin lífsánægja barna á aldrinum 11-14 ára, nemenda í 6 og 8 bekk, kunni í einhverjum mæli að stafa af því að hægst hefur á hjólum atvinnulífsins, fullorðið fólk hefur því meiri tíma utan vinnu hvort sem er foreldrar, eldri systkini eða aðrir í fjölskyldunni. Jafnframt hafi íslenskum heimilum, skólum og samfélagi tekist að viðhalda ákjósanlegum lífsskilyrðum fyrir börn í þessum aldurshópi þrátt fyrir kreppuna.

Lífsánægja tíundubekkinga hefur hinsvegar ekki aukist. Í því sambandi má benda á að 15-16 ára börn á Íslandi eru á leiðinni út í atvinnulífið og það að fá ásætlanlega sumarvinnu og jafnvel vinnu með námi getur skipt miklu fyrir sjálfsmynd þeirra og möguleika til einkaneyslu og tólstundastarfs. Þar sem íslenskt atvinnulíf er nú laskað eftir efnahagshrunið eru þessir möguleikar takmarkaðri en áður var. Einnig má velta því upp að unglíngamenning á Vesturlöndum, og þá einnig á Íslandi, er verulega mörkuð af neysluhyggju þar sem grundvallarþarfir eins og klæðnaður og snyrting lítur sértækum kröfum markaðsaflanna. Þessar kröfur neyslumeningarinnar snúa ekki síður að stúlkum en drengjum og tengjast samkeppni í jafningjahópnum, ímyndarsköpun og sjálfsmati. Hugsanlegt er að áhrif efnahagshrunsins hafi því snert þennan aldurshóp á annan hátt en þau börn sem yngri eru.

Heildaraukningin á lífsánægju skólabarna skilar sér í mismiklum mæli. Þannig er engin breyting milli árána fjögurra í hlutfalli þeirra sem meta lífsánægju sína lakasta (0-2 á kvarða Cantrils). Tilfærslan virðist vera á þann veg að þeim sem meta ánægju sína á bilinu 3-8 fer hlutfallslega fækkandi og þess í stað eru fleiri sem meta lífsánægju sína í hæstu hæðum (9-10).

Minni lífsánægja eldri unglínga er í samræmi við aðrar rannsóknir en minni lífsánægja unglíngsstúlkna ætti að vera hvatning til sérstakra aðgerða. Þó lífsánægja stúlkna í 10. bekk sé 7,4 á sjónhendingakvarða Cantrils sem í sjálfu sér er ekki slæm niðurstaða, þá verður engu að síður að horfa til þess að hún lækkar verulega frá því sem gerist í 6. bekk, eða um rétt tæplega heilt stig. Lífsánægja stráka minnkar aðeins minna en stúlkanna.

Heimildir

- Ball, R. og Chernova, K. (2008). Absolute income, relative income, and happiness. *Social Indicators Research*, 88, 497-529.
- Cantril, H. (1965). *The pattern of human concern*. New Brunswick: Rutgers University Press.
- Conger, R. D., Conger, K. J., Elder, G. H. Jr., Lorenz, F. O., Simons, R. L. og Whitbeck L. B. (1992). A family process model of economic hardship and adjustment of early adolescent boys. *Child Development*, 63, 526-541.
- Danielsson, J. (2009). The first casualty of the crisis: Iceland. Í C. M. Reinhart og A. Felton (ritstjórar), *The First Global Financial Crisis of the 21st Century, Part II June-December 2008* (bls. 9-15). London: Center for Economic Policy Research.
- Deaton, A. og Arora, R. (2009). Life at the top: The benefits of height. *Economics and Human Biology*, 7, 133-136.
- Desousa, C., Murphy, S., Roberts, C. og Anderson, L. (2008). School policies and binge drinking behaviours of school-aged children in Wales: A multilevel analysis. *Health Education Research*, 23, 259-271.
- Fjármálaráðuneytið. (2009). *Djódabúskapurinn*. Sótt 9. september 2010 af http://www-fjarmalaraduneyti.is/media/Thjodarbúskapurinn/Tjodarbúskapurinn__Haustskýrsla_2009.pdf
- Harland, P., Reijneveld, S. A., Brugman, E., Verloove-Vanhorick, S. P. og Verhulst, F. C. (2002). Family factors and life events as risk factors for behavioural and emotional problems in children. *European Child and Adolescent Psychiatry*, 11, 176-184.
- Haukur Sigurðsson (e.d). *Geðheilbrigðisleg og félagsleg ábrif efnabagslægða og ráðleggingar til íslenskra stjórnvalda*. Sótt 5. júní 2010 af <http://mbl.is/media/-76/1176.pdf>
- Iannotti, R. J., Kogan, M. D., Janssen, I. og Boyce, W. F. (2009). Patterns of adolescent physical activity, screenbased media use, and positive and negative health indicators in the US and Canada. *Journal of Adolescent Health*, 44, 493-499.
- Kaltiala-Heino, R., Rimpela, M., Rantanen, P. og Laippala, P. (2001). Adolescent depression: the role of discontinuities in life course and social support. *Journal of Affective Disorders*, 64, 155-166.
- Leinonen, J. A., Solantaus, T. S. og Punamaki, R. L. (2002). The specific mediating path between economic hardship and the quality of parenting. *International Journal of Behavioral Development*, 26(5), 423-435.
- Lundborg, P. (2002). Young people and alcohol: An econometric analysis. *Addiction*, 97, 1573-1582.
- Molcho, M., Gabhainn, S. N., Kelly, C., Friel, S. og Kelleher, C. (2007). Food poverty and health among schoolchildren in Ireland: Findings from the Health Behaviour in School-aged Children (HBSC) study. *Public Health Nutrition*, 10, 364-370.
- Pouwels, B., Siegers, J. og Vlasblom, J. D. (2008). Income, working hours, and happiness. *Economic Letters*, 99, 72-74.
- Seðlabanki Íslands. (2010). *Horfur á hægum bata frá seinni hluta þessa árs*. Reykjavík: Seðlabanki Íslands.
- Sleskova, M., Salonna, F., Geckova, A. M., Nagyova, I., Stewart, R. E., van Dijk, J. P. og Groothoff, J. W. (2006). Does parental unemployment affect adolescents' health? *Journal of Adolescent Health*, 38, 527- 535.
- Sund, A. M., Larsson, B. og Wichstorm, L. (2003). Psychosocial correlates of depressive symptoms among 14-16 year old Norwegian adolescents. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 44, 588- 597.
- van Kooten, M., de Ridder, D., Vollebergh, W. og van Dorsselaer, S. (2007). What's so special about eating? Examining unhealthy diet of adolescents in the context of other health-related behaviours and emotional distress. *Appetite*, 48, 325-332.

- Vinnumálastofnun. (2010). *Staða á vinnumarkaði*. Sótt 9. september 2010 af http://www.vinnumalastofnun.is/files/julí10_1711514367.pdf
- Þingskjal 714. (2009-2010). Skýrsla félags og tryggingamálaráðherra um velferðarvaktina. *Alþingisrit A-deild*, Sótt 11. september 2010 af <http://www.althingi.is/altext/138/s/0714.html>